

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 36
 endurborgun sveitarstyrks¹⁾ — Eptir að jeg hefi með þóknanlegu brjefi yðar herra 2. febr.
 amtmaður, dags 30. f. m. meðtekið álit sýslumannsins í Strandasýslu um kröfu Nautey-
 rarahrepps í Ísafjarðarsýslu á hendur Hrófbergshreppi í Strandasýslu út af kostnaði við
 dvöl þurfamanns Eyjólfssonar og hyskis hans í Nauteyrahreppi veturinn
 1883—84, skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hreppsnefnd
 Hrófbergshrepps að greiða Nauteyrahreppi ofanefndan kostnað með þeirri upphæð er
 sýslumaðurinn í Strandasýslu hefur samþykkt, eða með 243 kr. 72., því jeg verð að
 fallast á það álit sýslumannsins að borgunin fyrir hýsingu á Eyjólfí og hyski hans hjá
 Bjarna Gíslasyni hreppstjóra (1. liður a. í reikningi Nauteyrahrepps) sje að ástæðulausu
 sett hærra en önnur hýsing á Eyjólfí og hyski hans, sem færð er til á reikningi Nautey-
 rarahrepps. Reikningur Nauteyrahrepps og álit sýslumannsins í Strandasýslu um
 hann endursendast.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu 37
 um brot gegn verzlunar- og siglingalögum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 5. febr.
 14. nóv. f. á. hafð þjer, herra amtmaður út af því að það hafi komið fyrir trivegis á
 síðastliðnu sumri að skip, sem komu beint frá útlöndum og ekki höfðu gjört grein fyrir sjer á
 neinu löggiltu kaupúni, lögðu upp vörur, annað í Hrísey og hitt á Hjalteyri, beiðst úr-
 lausnar minnar um það, hvort þessi brot gegn verzlunar- og siglingalöggjöfnum beri að
 skoða sem brot gegn lögum 15. apríl 1854 eða gegn lögum nr. 28. 7. nóvbr. 1879,
 3. gr., en að yðar álit á þessi síðarnefnda lagaákvörðun að eins við, er verzláð er á
 hlutadeigandi skipum.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega að jeg álit að það
 komi undir lög um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, en eigi undir 3. eða 4.
 gr. sbr. 6. gr. fyrnefndra laga 7. nóvbr. 1879, er vörur eru lagðar á land og eins stend-
 ur á og að ofan er greint, ef eigi er fólgin nein verzlun í landflutningi varanna, þar
 sem þær eru lagðar á land.

1) Áður var í máli þessu með brjefi til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu 16 maí
 1888 úrskurðað á þessa leið:

Með þóknanlegu brjefi dags 26. f. m. hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað ýms skjöl
 snertandi kostnað við dvöl þurfamanns nokkurs Eyjólfssonar og hyskis hans veturinn 1883—84 í
 Nauteyrahreppi í Ísafjarðarsýslu, er það var á leið á fátækraflutningi til framfærsluhrepps Eyjólfssonar
 Hrófbergshrepps í Strandasýslu. Hafð þjer með brjefi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 19. ágúst f. á.
 álitid, að kostnað þennan, sem talinn var 284 kr., en hreppsnefndin í Nauteyrahreppi hefur samþykkt að
 færður verði niður í 256 kr. 12 a., beri að skoða sem annan fátækrastryrk, er endurborgast eigi af
 framfærsluhreppi Eyjólfssonar, Hrófbergshreppi, en eigi sem fátækraflutningskostnað, er jafna eigi niður á
 hreppa Ísafjarðarsýslu. En hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur ekki viljað sætta sig við nefnt álit
 yðar eða úrskurð, og því skotið spurningunni undir úrskurð minn.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg er yður samdóma um að kostnaðinn við of-
 anefnda dvöl greinds Eyjólfssonar og hyskis hans í Nauteyrahreppi beri að endurgjalda af
 framfærsluhreppi hans Hrófbergshreppi sem annan fátækrastryrk, en að því er snertir upphæð kostnaðar
 þessa, þá ber það undir sýslumanninn í Strandasýslu að úrskurða um það, hvort hún sje hæfleg, áður
 en til æðri úrskurðar geti komið um það efni.